




Reykjavík, 28. nóvember 2024
USK24100149

Austurbrún 2 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Ellerts Más Jónssonar, dags. 15. október 2024, um breytingu á notkun 13. hæðar hússins á lóð nr. 2 við Austurbrún úr veislusal (Samkomustaður) í íbúð, samkvæmt uppdr. Ellerts Más Jónssonar, dags. 14. október 2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd, tekin af Já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Austurbrún 2 borgarhluta 4 Laugardalur og er hluti af íbúðarsvæði ÍB24 Laugarás.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir reitinn. Byggingaleyfisumsóknir þarf að grenndarkynna.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 2 við Austurbrún er 13 hæða fjölbýlishús. Húsið var byggt árið 1960 skv. fasteignaskrá. Á 13. hæð er veislusalur sem er sameign íbúa hússins. Spurt er hvort að heimilað yrði að innrétta íbúð á 13. hæð í stað samkomusalarins til útleigu. Í fyrirspurn er vísað í að í húsinu að Austurbrún 6 hefur verið heimilað að innrétta tvær íbúðir í rýminu á 13. hæð. Það var samþykkt árið 2000. Skoða skal erindið í húsinu að Austurbrún 2 út frá gildandi skipulagi. Í aðalskipulagi er fjallað um mikilvægi blöndunnar íbúða. Í húsinu eru mjög einsleitar íbúðir og blöndun því lítil eða engin. Allar íbúðir í húsinu eru 47.6 m² skv. fasteignaskrá og því nokkuð litlar.



Samverusalur á efstu hæð hússins er ætlaður íbúum til fjölbreyttra, almennra nota sem viðbót við annars nokkuð litlar íbúðir í húsinu.

Niðurstaða

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið, ekki er æskilegt að heimila breytingu nýtingu rýmisins úr samkomusal í íbúðir.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



Reykjavík